

Alþingi  
Erindi nr. B 135/776  
komudagur 4.12.2007

Reykjavík 4. desember 2007

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Einar Farestveit nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 203.mál.

Mjólka ehf. leggst alfarið gegn breytingu á verðmyndun og verðlagningu á Mjólkurvörum eins og þær eru kynntar í frumvarpi til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, (mál nr.203). Mjólka telur að sú breyting sem boðuð er í 1. gr frumvarpsins boði endalok þeirrar samkeppni sem verið hefur við úrvinnslu mjólkur og sé beinlínis atлага að tilveru Mjólku ehf.

Mjólka ehf. telur óhjákvæmilegt að fram fari heildarendurskoðun á löggjöf og því umhverfi sem fyrirtækinu er búið og hvetur Landbúnaðarráðherra til að fara að nýlegu álit samkeppniseftirlitins við breytingar á lögum nr. 99/1993.

**Úr álitSORÐUM samkeppniseftirlits frá 13. Október 2006:**

**„Ákvæði búvörulaga viðvíkjandi vinnslu og sölu mjólkur- og mjólkurafurða raska samkeppni og fela í sér mismunun gagnvart einstökum fyrirtækjum í mjólkuriðnaði, eins og nánar greinir í áliti þessu, og fara því gegn markmiðum samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið beinir því eftirfarandi tilmælum til landbúnaðarráðherra:**

**1. Ráðherra beiti sér fyrir því að afnema verð- og magntolla á mjólkurdufti í því skyni að greiða fyrir samkeppni í mjólkuriðnaði.**

**2. Ráðherra beiti sér fyrir því að afnema 3. mgr. 13. gr. búvörulaga viðvíkjandi verðtilfærslu afurðastöðva í mjólkuriðnaði.**

**3. Ráðherra beiti sér fyrir því að afnema 71. gr. búvörulaga viðvíkjandi samráði og samruna afurðastöðva í mjólkuriðnaði.**

**4. Ráðherra beiti sér fyrir því að öðru leyti að jafna samkeppnisstöðu afurðastöðva í mjólkuriðnaði sem starfa annars vegar innan Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og hins vegar þeirra er starfa utan samtakanna.“**

## Afnám undanþága

Það er skilyrðislaus krafa Mjólku ehf. að allar undanþágur sem Mjólkursamsalsalan og tengdir aðilar hafa í dag frá Samkeppnislögum verði þegar í stað afnumdar.


Mjólka leggur jafnframt til að gerð verði grundvallarbreyting á opinberri íhlutun í verðlagningu á mjólkurvörum. Breytingin felur í sér að verðmyndun á heildsölu- og smásölustigi á mjólkurvörum verði gefin frjáls og verðlagsnefnd lögð niður. Opinber íhlutun verði fyrst og fremst á hrámjólk og bændur fari sjálfir með alla samninga við hið opinbera og afurðastöðvar.

Meginbreytingin er sú að litið verði á hrámjólk með svipuðum hætti og til dæmis grunnet Símans og sá þáttur aðskilinn frá rekstri úrvinnslustöðvanna. Þannig verði það bændur sjálfir sem fari með samninga við hið opinbera um framleiðslustuðning og samninga við afurðastöðvar/úrvinnslufyrirtæki. Opinber íhlutun í verðmyndun verði fyrst og fremst á hrámjólkurstiginu. Þá getur samlagsfélag verið sú grunneining sem myndar samtök mjólkurframleiðenda sem aftur fer með samninga við afurðarstöðvar og hið opinbera. Þar með verða bændur virkir þátttakendur og áhrifavaldar um afkomu sína og kjör. Afurðastöðvunum verður þá ekki lengur í sjálfsvald sett hvernig og hvað þær greiða fyrir afurðir bænda. Bændur geta þá óskað eftir tilboðum í kaup á mjólk frá ólíkum aðilum og þar með skapað virka samkeppni um afurðir sínar. Um leið er tryggð samkeppni á neytendamarkaði sem mun leiða til aukinnar hagræðingar og betra verðs til neytenda. Íslenskur mjólkuriðnaður væri þar með að auka samkeppnishæfni sína og undarbúa sig fyrir samkeppni erlendis frá. Tryggja verður að bændur geti einnig starfað sjálfstætt utan við samlagsfélög ef þeir kjósa að vinna úr sínum afurðum sjálfir. Þar með hafa bændur val og forsvarmenn mjólkurbænda fá aðhald frá umbjóðendum sínum og verða að ná sem bestum samningum.

Til að ná þessum markmiðum þarf að afnema ákvæði í 52.gr sem kveður á um forgang ríkisstyrktrar framleiðslu á heimamarkaði.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er aðför að tilvist Mjólku ehf. og heggur nú sá er hlífa skyldi. Verði frumvarp þetta að lögum er gengið enn lengra í að hefta samkeppni og MS í raun færður stimpill verðalagsnefndar sem vopn í samkeppni við Mjólku með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Fh. Mjólku ehf.  
Virðingarfyllst,



Ólafur M. Magnússon  
framkvæmdastjóri Mjólku ehf.

### **Greinargerð**

Mjólka ehf. settur alvarlega fyrirvara við frumvarp það sem liggur fyrir nefndinni þ.e. frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 203.mál. Við teljum afar varhugavert að hreyfa við verðlagningu og verðmyndun á mjólkurvörum án þess að grundvallarendurskoðun fari fram á því lagaumhverfi sem þessari framleiðslu er búið. Sérstaklega er varhugavert að gera það án þess að afnema undanþágur Mjólkursamsölunnar (MS) frá samkeppnislögum. Það getur þýtt endalok samkeppni í þessari grein.

Mjólkursamsalan og Osta- og smjörösalan sf. hafa ítrekað brotið lög á Mjólku ehf. Þetta hefur verið staðfest með úrskurði samkeppniseftirlitsins með ákvörðun nr.39/2006 sem birtur var þann 13.október 2006. Í niðurstöðu ákvörðunar samkeppniseftirlitsins sagði m.a.:

**“Osta- og smjörösalan sf. hefur brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með því að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í samskonar viðskiptum með undanrennuft eins og nánar greinir í ákvörðun þessari”** Osta- og smjörösalan áfrýjaði þessum úrskurði en hann var staðfestur af áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 13.desember 2006.

Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt til meðferðar kvörtun frá Mjólku ehf. vegna undirboða og undirverðlagningar Mjólkursamsölunar og Osta- og smjörösalunnar sem hafa boðið viðskiptavinum sínum allt að 40% afslátt af þeim vörum sem eru í samkeppni við framleiðsluvörur Mjólku ehf.

Samhliða úrskurði sínum þann 13.október 2006 birti samkeppniseftirlitið álit sem var beint til landbúnaðarráðherra en þar segir:

#### **Álitsorð:**

**„Ákvæði búvörulaga viðvíkjandi vinnslu og sölu mjólkur- og mjólkurafurða raska samkeppni og fela í sér mismunun gagnvart einstökum fyrirtækjum í mjólkuriðnaði, eins og nánar greinir í álitinu þessu, og fara því gegn markmiðum samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið beinir því eftirfarandi tilmælum til landbúnaðarráðherra:**

**1. Ráðherra beiti sér fyrir því að afnema verð- og magntolla á mjólkurdufti í því skyni að greiða fyrir samkeppni í mjólkuriðnaði.**

**2. Ráðherra beiti sér fyrir því að afnema 3. mgr. 13. gr. búvörulaga viðvíkjandi verðtilfærslu afurðastöðva í mjólkuriðnaði.**

**3. Ráðherra beiti sér fyrir því að afnema 71. gr. búvörulaga viðvíkjandi samráði og samruna afurðastöðva í mjólkuriðnaði.**

**4. Ráðherra beiti sér fyrir því að öðru leyti að jafna samkeppnisstöðu afurðastöðva í mjólkuriðnaði sem starfa annars vegar innan**

**Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og hins vegar þeirra er starfa utan samtakanna.“**

### **Gengið gegn ábendingum**

Þrátt fyrir tilmæli Samkeppniseftirlitsins og óskir Mjólku um breytingar á því samkeppnisumhverfi sem þessari grein og fyrirtækinu er búið hefur Landbúnaðarráðherra ekki brugðist við og í raun gengið þvert gegn ábendingum þar um. Þannig hefur mjólkuriðnaðurinn nú verið sameinaður í eitt fyrirtæki sem hefur algjöra einokunarstöðu og yfirburði á matvælamarkaði. Ekkert fyrirtæki á matvælamarkaði í Evrópu hefur fengið jafn ívilandi löggjöf.

Jafnframt mótmælum við því harðlega að stórfyrirtæki eins og Mjólkursamsalan geti pantað lagasetningu á aðalfundi sínum. En hugmyndir um breytingar á verðmyndun á mjólkurvörum í þessa átt komu fyrst fram á aðfundi Auðhumlu í ársbyrjun. Í fréttum frá fundinum var sagt að það væri algjörlega ófært að “sumir” væru aðeins að fleyta rjómann á þessum markaði og verðlagning á sérvörum væri með þeim hætti að hún gerði það mögulegt. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur því MS hefur fleytt rjómann á kostnað neytenda í öll þau ár sem fyrirtækið hefur setið eitt að þessum markaði, og því verið að okra á íslenskum neytendum í skjóli einokunnar. Strax í kjölfar þessara fréttu þann 3. apríl gengum við fulltrúar Mjólku á fund forsætisráðherra þar sem við voruðum við slíkum breytingum án þess að heildarendurskoðun á lögnum færi fram og að undanþágur Mjólkursamsölnunnar frá samkeppnislögum væru afnumdar samhliða. Sérstaklega eru þessi vinnubrögð ámælisverð í ljósi þess að lögfræðiskrifstofa Mjólkursamsölnunnar “LOGOS” samdi frumdrög þess frumvarps sem Landbúnaðarráðherra hefur nú mælti fyrir á Alþingi. Þetta vinnuferli var staðfest af lögfræðingi Landbúnaðarráðuneytisins.

### **Misjafn tími til athugasemda**

Mjólka fær afar knappan tíma eða rétt tæpa viku til athugasemda en fulltrúar MS voru kallaðir að frumvarpssmíðinni í ráðuneytinu ásamt Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) og verðlagsnefnd nú í sumar og haust. Af þessu má ráð að þessari lagasetningu er fyrst og fremst beint gegn Mjólku enda er hún aðför að samkeppni í þessari grein. Verðlagning er hornsteinn í afkomu hvers fyrirtækis og opinber íhlutun með ívilnandi löggjöf eins og sú sem hér er á ferðinni er grafalvarleg. Sérstaklega gagnvart innleggjendum hjá Mjólku ehf., launþegum, birgjum og viðskiptamönnum félagsins. Sérstaklega í ljósi þess að samkeppniseftirlitið getur ekkert aðhafst þegar verðlagsnefnd hefur ákveðið verðbreytingar á þeim afurðum sem fyrirhugaðar eru. Það er ömurlagt að vegið skuli með þessum hætti að grundvelli fjölskyldufyrirtækis sem reynt hefur að brjótast inn á einokunarmarkað til að bjóða aukna fjölbreytni og lækka verð.

Við fögnum því að verðmiðlun og verðtilfærsla verði aflögð enda engin ástæða til slíkra skattheimtu þar sem samvinnufélög bænda hafa öll utan Mjólkursamlags Kaupfélags Skagfirðinga sameinast undir merkjum Auðhumlu og MS. Þessi skattheimta var fyrst og fremst tilfærsla á fjármunum og kallar því ekki á þessar breytingar sem hér eru lagðar til á verðlagningu á mjólkurvörum að öðru leyti. Því leggjumst við alfarið gegn breytingu á 1.gr frumvarpsins og teljum að þar sé verið að færa MS tækifæri til að stunda undirboð

með stimpil verðlagsnefndar að vopni. Þá getur samkeppniseftirlitið lítið aðhafst þar sem um opinbera verðlagningu er að ræða sem er ekki á valdi MS í orði, þó að fyrirtækið hafi í raun lagt til verðhugmyndirnar. Jafnframt er ólíklegt að fulltrúar neytenda leggist gegn verðlækkunum enda slíkt skiljanlegt.

Við leggjum til að gerðar verði grundvallarbreytingar á þessu umhverfi sem styrki samningsstöðu bænda gagnvart afurðastöðvunum og auki samkeppni um úrvinnslu og sölu á mjólkurafurðum. Við leggjum til að opinber íhlutun í verðmyndun á mjólkurafurðum verði fyrst og fremst á frumframleiðslustiginu eða á hrámjólk.

Mikilvægt er að tryggja aðkomu nýrra aðila sem vilja vinna úr mjólk með því að tryggja þeim ákveðið lágmarksmagn af hrámjólk með svipuðum hætti og gert er í okkar nágrannalöndum. Þannig væri hverjum aðila sem óskaði eftir því að hefja úrvinnslu á mjólk tryggt lágmarksmagn t.d. 7 milljónir lítra.

Afnema verður allar undanþágur til handa úrvinnslustöðvunum, MS og tengdum aðilum, frá Samkeppnislögum strax þar með talið **71.gr. lagana** og önnur ákvæði laga nr. 99/1993.

Til að efla samtök bænda verður að afnema og færa frá þeim allar stjórnisýsluskyldur og eftirlitshlutverk. Það samrýmist alls ekki hagsmunabaráttu bænda að vera jafnframt stjórnisýslustig enda hefur það valdið árekstrum. Það er því afar brýnt að leysa Bændasamtök Íslands úr þessum viðjum.

Samtök afurðastöðva SAM eru óþörf og þau ber að leggja þau niður hið fyrsta og færa verkefni þeirra til Landbúnaðarstofnunar. Mjólkur er ókleift að starfa með þessum samtökum þar sem ábyrgð aðildarfyrirtækjanna er ótakmörkuð og fullt framsal á samningsumboði og í viðræðum við opinbera aðila.

Einnig verður að gera þá kröfu til Landssambands kúbænda að þau færi starfsemi sína úr höfuðstöðvum MS og verði Landssamtök allra kúabænda. Innleggjendum hjá Mjólkur ehf er ókleift að starfa með samtökunum á meðan þau eru undir hælnum á MS.